

Framanritaðar samþykktir fyrir Verzlunarbanka Íslands hf. staðfestast hérmeð. Jafnframt eru úr gildi fallnar fyrri samþykktir, ásamt viðaukum og breytingum. Að öðru leyti gilda lög nr. 32/1978, um hlutafélög.

Samþykktir þessar voru með ofangreindum breytingum samþykktar á aðalfundi 14. mars 1981.

*Viðskiptaráðuneytið, 19. mars 1981.*

F. h. r.

Ásberg Sigurðsson.

*Benedikt Þórðarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka sbr. rgl. nr. 451/1979, rgl. nr. 331/1980 og rgl. nr. 617/1980.

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Lán úr Fiskveiðasjóði Íslands skulu skiptast í lánaflokka þá, sem tilgreindir eru í 2. gr., en um lánveitingar skv. þeim skulu eftir því sem við á gilda þessi almennu ákvæði:

- a) Lán vegna nýsmíði fiskiskipa skulu við það miðuð að fiskiskipastóllinn stækki ekki að brúttórúmlestatölu, en að árleg endurnýjun verði hið mesta af svipaðri stærðargráðu og sá fjöldi skipa sem hverfur úr flotanum á næsta ári á undan. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að leggja til grundvallar meðalbrúttórúmlestatölu þeirra skipa sem hverfa úr flotanum yfir lengri tíma, eða allt að 4 árum.
- b) Engin lán skulu veitt til smíða eða kaupa á hringnótaveiðiskipum.
- c) Umsóknum um lán vegna nýsmíði erlendis skal fylgja sambærilegt innlent tilboð.
- d) Lán vegna nýsmíði innanlands skulu ganga fyrir lánnum vegna innflutnings nýrra eða notaðra skipa nema um bersýnilega óhagstæðari kaup sé að ræða að mati stjórnar sjóðsins.
- e) Heimilt er að víkja frá reglum 1. og 2. greinar ef um það liggja fyrir skrifleg tilmæli frá sjávarútvegsráðherra.

### 2. gr.

9. tl. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.

Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarks-lánstími skal vera 18 ár að frádregnum aldri skipsins.

Áskilið er að úr fiskiskipaflotanum hverfi skip af svipaðri stærð og þau sem keypt eru. Það má verða með þeim hætti, að skip séu seld úr landi, tekin úr rekstri vegna úreldingar, samkvæmt reglum sem þar um gilda eða að skip séu dæmd algert tjón, enda sé ekki lánað úr sjóðnum til endurbóta á þeim. Ef um er að ræða skip 39 metrar eða lengri eða með aflvél 900 hestöfl eða stærri, skal a. m. k. jafnstór skip hverfa úr flotanum fyrir það sem inn er flutt. Einnig er áskilið, að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki, fáist. Lán Fiskveiðasjóðs

verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið. Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innistæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innistæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innistæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Lán í þessum flokki eru því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 175 20. mars 1980.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Pórður Ásgeirsson.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

### 1. gr.

Sjúkrasamlög greiða heilsugæslustöðvum og sérstökum göngudeildum fyrir meðferð húðsjúkdóma samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Þegar reikningum er framvísað til greiðslu skal fylgja þeim tilvísun frá lækni, sérfræðingi í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið, fyrir sérhvern nýjan sjúkling. Framvísa þarf nýrri tilvísun hálfárslega sé um stöðuga meðferð að ræða, annars þegar meðferðartímabil hefst.
- b. Greiðslur fyrir meðferð eru þessar:
 

I. Fyrir útfjólublá ljós smyrsl .....	kr. 25.00
II. Fyrir tjörubað, útfjólublá ljós og smyrsl .....	— 45.00
- c. Greiðslur fyrir meðferðir skv. framansögðu skulu taka sömu breytingum og verða á 15. launaflokki BSRB.

### 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 2. gr. reglugerðar nr. 83 3. febr. 1981 um greiðslu sjúkrasamлага fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, gildir frá og með 1. apríl 1981.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 14. apríl 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*